

## Efni

|          |                                                 |           |
|----------|-------------------------------------------------|-----------|
| <b>1</b> | <b>INNGANGUR</b> .....                          | <b>2</b>  |
| <b>2</b> | <b>FRÆDILEGT SAMHENGI</b> .....                 | <b>4</b>  |
| 2.1      | BESTUNARKENNING .....                           | 4         |
| 2.2      | HRYNJANDI OG MÖRKUN .....                       | 6         |
| 2.3      | SAMSPIL SETNINGAFRÆÐI OG HLJÓÐKERFISFRÆÐI ..... | 9         |
| <b>3</b> | <b>KÖNNUNIN</b> .....                           | <b>11</b> |
| 3.1      | ÞÁTTTAKENDUR .....                              | 11        |
| 3.2      | PRÓFBLAÐ .....                                  | 12        |
| <b>4</b> | <b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....                        | <b>13</b> |
| 4.1      | HEILDARNIÐURSTÖÐUR.....                         | 13        |
| 4.2      | MYNSTUR HJÁ EINSTÖKUM MÁLHÖFUM .....            | 15        |
| <b>5</b> | <b>SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI KANNANIR</b> .....     | <b>18</b> |
| <b>6</b> | <b>NIÐURLAG</b> .....                           | <b>19</b> |
| <b>7</b> | <b>HEIMILDIR</b> .....                          | <b>20</b> |
| <b>8</b> | <b>VIÐAUKAR</b> .....                           | <b>23</b> |
| 8.1      | PRÓFBLAÐ .....                                  | 23        |
| 8.2      | ORÐALISTI .....                                 | 28        |

# 1 Inngangur<sup>1</sup>

Hugtakið **tvíliður** vísar til segðar sem er tvö atkvæði og annað atkvæðið ber áherslu en hitt ekki. Íslensk orð hafa áherslu á fyrsta atkvæði og því eru íslenskir tvíliðir um leið hnígandi tvíliðir (e. *trochee*). Hljóðkerfisorð (e. *prosodic word*) sem er tvö atkvæði myndar einn tvílið. Nokkur dæmi um tvíliði eru gefin í (1).

- (1) hestur, bátur, tala, læra, rauður, gulur

Sá eiginleiki mannlegs máls að atkvæði með og án áherslu skiptist á eftir ákveðnu mynstri nefnist hrynjandi (e. *rhythm*). Hrynjandi orða, ásamt tónfalli og setningaáherslu, tilheyrir bragfræði (e. *prosody*) tungumálsins sem er viðfangsefni hljóðkerfisfræði. Mest af því sem skrifað hefur verið um hrynjandi í íslensku er frá sjónarhóli bókmenntafræði, bæði í bundnum kveðskap (t.d. Óskar Halldórsson 1972) og í skáldskap almennt (Sigurður Kristófer Pétursson 1924). Hrynrænir eiginleikar íslensku hafa þó einnig komið við sögu í málfræðilegri umræðu (t.d. Kristján Árnason 2005:427–480; Hayes 1995; Gibson 1997).

Hefðbundin málkunnáttufræði (sbr. t.d. Chomsky 1957, Chomsky 1965, Chomsky og Halle 1968) lýsir málmyndun sem ferli gegnum einingar. Þessar einingar leysa afmörkuð verkefni með umbreytingareglum. Ein eining myndar setningar og hljóðkerfið er önnur eining. Samspili eininganna er lýst þannig að eining sem á undan kemur matar þá sem á eftir fer þannig að úttak hinnar fyrri verður inntak þeirrar síðari. Einingarnar eru aðskildar og áhrif milli þeirra eru aðeins möguleg í aðra áttina. Þannig getur setningagerð haft áhrif á hljóðgerð en ekki öfugt því að hljóðkerfisreglur eru taldar verka á eftir setningafræðilegum reglum (sbr. Zwicky og Pullum 1986).

Ekki er þó einhugur meðal málfræðinga um þessa greiningu og útfærslu á henni. Því hefur verið haldið fram að þó að setningafræði sé réttþærri geti hljóðkerfið í það minnsta valið á milli tveggja setningafræðilegra möguleika ef þeir eru jafntækir í skilningi setningafræðinnar (Golston 1995). Sumir hafa gengið lengra og haldið því fram að hljóðkerfishömlur geti í einhverjum tilvikum verið réttþærri en hömlur sem ráða

---

<sup>1</sup> Talsvert er um að hugtök séu nefnd á ensku þegar þau koma fyrst fyrir. Umfjöllun á íslensku er enn tiltölulega lítil um sum svið hljóðkerfisfræði sem hér eru rædd. Til að mynda eru sum hugtök sem hér eru notuð hvorki í Orðabanka SÁMíf um málfræði né í íslensk-enskum orðalista um hljóð- og hljóðkerfisfræði hjá Kristjáni Árnasyni (2005). Í þeim tilvikum hefur höfundur þýtt hugtökin. Sjá orðalista í viðauka §8.2.

setningagerð. Dæmi um slíkt hafa verið nefnd í rannsóknum á Bantu-málum (Harford og Demuth 1999), grísku (Keller og Alexopoulou 2001) og frönsku (Teeple 2007).

Hér verða kynntar niðurstöður úr rannsókn á samspili hrynjandi og fallmörkunar í íslensku. Sýndar verða vísbendingar um að þegar fallmörkun er á reiki geti hljóðkerfishömlur ráðið úrslitum um hvaða fall er valið. Þegar málhafi getur ýmist notað ómarkaða hrynjandi (tvílið) eða markaða (stúf<sup>2</sup> eða þrílið) er sú ómarkaða heldur valin. Þessi tilhneiging verður hér nefnd **tvíliðahneigð**. Frumlagsfall með sögninni *vanta* verður notað sem dæmi um þetta en hún er ein þeirra ópersónulegu sagna sem tengdar eru svokallaðri þágufallshneigð.<sup>3</sup> Margir málhafar samþykkja bæði þolfall og þágufall í frumlagssæti með *vanta* og velja heldur þolfall ef frumlagið er *Guðmundur* (2b) en þágufall ef frumlagið er *Jón* (2c). Sömu málhafar forðast að nota þolfall sé frumlagið *Jón* (2a) og þágufall sé frumlagið *Guðmundur* (2d).

- (2) a. Hvers vegna vantar **Jón** þessa nagla?  
 b. **Guðmund** vantar nýjan jakka.  
 c. Það er ljóst að **Jóni** vantar betri hugmynd.  
 d. Vantar ekki **Guðmundi** bara stærri jeppa?<sup>4</sup>

Fyrst verður tvíliðahneigð sett í fræðilegt samhengi. Bestunarkenningin (e. *Optimality Theory*) (Prince og Smolensky 1993/2002) verður kynnt (§2.1) en verkfæri hennar verða notuð til að varpa ljósi á eðli tvíliðahneigðar. Fjallað verður um hrynjandi og mörkun í málfræði (§2.2) og samspil setningafræði og hljóðkerfisfræði (§2.3). Þá verður sagt frá könnuninni sem var gerð, þátttakendum í henni (§3.1) og prófblaðinu sem var notað (§3.2). Niðurstöður verða fyrst kynntar í heild (§4.1) og svo verða mynstur svara hjá einstökum málhöfum skoðuð (§4.2). Rannsóknin verður borin saman við fyrri kannanir (§5) og loks verða helstu niðurstöður dregnar saman og rætt um hugsanlegar afleiðingar þeirra (§6).

<sup>2</sup> Einkvæður áhersluliður er nefndur stúfur.

<sup>3</sup> Þágufallshneigð hefur einnig verið nefnd þágufallssýki og mérun. Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson (2003) kjósa orðið þágufallshneigð þar sem það er ekki eins gildishlaðið og þágufallssýki og er því fordæmi fylgt hér. Nokkuð er til af umfjöllun um þágufallshneigð (sbr. t.d. Ásta Svavarsdóttir 1982, Halldór Halldórsson 1982, Eiríkur Rögnvaldsson 1983, Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson 1984, Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson 2003, Kristín Edda Búadóttir 2007).

<sup>4</sup> Þessar setningar voru lagðar fyrir málhafa í rannsókninni. Um val á setningum, kosti þeirra og galla og samanburð við aðferðir í öðrum rannsóknum á þágufallshneigð, er fjallað í §3.

## 2 Fræðilegt samhengi

### 2.1 Bestunarkenning

Markmið málkunnáttufræði er að smíða kenningu um mannlegt mál með því að gera sem nákvæmasta grein fyrir byggingareindum þess og tengslum þeirra á milli, einkum í ljósi þess sem er sameiginlegt með öllum tungumálum. Yfirleitt er gert ráð fyrir að málkunnáttan skiptist í einingar á borð við setningafræði og hljóðkerfi sem verka hver á eftir annarri. Hlutverk málfræðinnar verður þá að lýsa vörpuninni milli inntaks og úttaks í þessum einingum. Ef við hugsum okkur að inntakið í setningafræðieininguna sé  $x$ , setningafræðin sjálf sé vörpunin  $f$  og úttakið  $y$  getum við lýst setningafræðinni með táknmáli úr stærðfræði eins og gert er í (3a). Ef hljóðkerfið  $g$  er sú eining sem tekur við af setningafræðinni og úttak þess er  $z$  getum við lýst því með (3b). Samspil eininganna er þá með þeim hætti sem (3c) sýnir.

$$(3) \quad \begin{array}{ll} \text{a.} & f(x) = y \\ \text{b.} & g(y) = z \\ \text{c.} & g(f(x)) = z \end{array}$$


Þeir sem fjalla um málkunnáttufræði gera að jafnaði ráð fyrir líkani af málinu með inntaki og úttaki í ætt við  $x$  og  $z$  í (3) en ólíkar skoðanir eru um eðli varpana eins og  $f$  og  $g$ . Margir aðhyllast þá sýn sem Noam Chomsky (1957, 1965, og Halle 1968, 1981, 1995b) hefur verið í fararbroddi fyrir og byggist á reglum sem stýra röð umbreytinga (e. *transformation based grammar*). Bestunarkenningin (Prince og Smolensky 1993) (e. *Optimality Theory* skst. OT, ísl. BK) er ólík nálgun en með sömu markmið. BK gengur út frá algildismálfræði (e. *Universal Grammar*) líkt og málkunnáttufræði í anda Chomskys en notar engar umbreytingareglur. Algildum hömlum er raðað eftir því hversu rétt háar þær eru og ólík röð hamlna milli tungumála skýrir hvað málin eru breytileg. Tvær varpanir, GEN og EVAL<sup>5</sup>, sbr. (5), ákvarða úttak miðað við stigveldi hamlnanna og gefið inntak. GEN býr til þá möguleika sem koma til greina og EVAL velur þann besta (e. *optimal*).

$$(4) \quad \text{EVAL: Rétthæsta hamla sem aðgreinir tvo möguleika ræður hvor er betri.}$$

<sup>5</sup> GEN stendur fyrir e. *generator* 'sá sem býr til' og EVAL fyrir e. *evaluator* 'sá sem metur/reiknar út'. Ensk nöfn á vörpunum og hömlum eru notuð hér enda eru þetta fyrst og fremst alþjóðleg tákni eða sérheiti á fyrirbærum sem er beitt í skrifum á öllum tungumálum (fremur en ensk orð). Sbr. úr stærðfræði: *max*, *min*, *sin*, *cos*, *exp*, *e*,  $\pi$  o.s.frv.

Allar hömlur skiptast í tvo hópa, **varðveisluhömlur** (e. FAITHFULNESS CONSTRAINTS) og **mörkunarhömlur** (e. MARKEDNESS CONSTRAINTS). Varðveisluhömlur kveða á um að úttak skuli vera eins og inntak en mörkunarhömlur kveða á um að markað úttak sé ekki leyfilegt. Breytingar milli inntaks og úttaks verða því aðeins ef mörkunarhamla er réttþærri en samsvarandi varðveisluhamla. Án varðveisluhamlana væri yfirborðsgerð allra orða af taginu [tata] (sbr. Chomsky um BK 1995a:102).<sup>6</sup> Þannig verður brottfall í /sykur-i/ → *syk.ri* vegna þess að mörkunarhamla (eða -hömlur) sem lúta að hrynjandi eru réttþærri en varðveisluhamla sem varðveitir áherslulaust sérhljóð í stofni, sbr. (5) og (13).

(5) Mynd sem sýnir hvernig besta úttak er valið í BK.<sup>7</sup>



Afleiðing af (4) er að ef tveir möguleikar brjóta báðir (eða hvorugur) gegn réttþærri hömlu ræður réttlægri hamla úrslitum. Jafntefli getur orðið á mörgum réttþáum hömlum og þá færast ákvörðunin sífellt neðar í stigveldi hamlnanna. Slíkt getur litið út eins og verið sé að telja hömlur en sú er ekki raunin. Réttþæsta aðgreinandi hamlan ræður úrslitum og hömlur sem greina ekki milli valkosta skipta engu máli í þeim úrskurði þótt þær séu réttþærri. Þetta er ágætt að skýra með dæmi úr daglegu lífi sem sett er upp í bestunartöflu (6) (e. *tableau*) en slíkar töflur eru eitt af meginverkfærum BK-málfræðingsins.

<sup>6</sup> Raunar er fjallað um máltöku í BK þannig að mörkunarhömlur séu í hámarki í upphafi og börn noti því myndir eins og [tata]. BK-nálgun á máltöku er hentug til að skýra hinn mikla mun sem er á málskilningi og málbeitingu ungra barna (Demuth 1995, Smolensky 1996). Einnig má lýsa óvönduðu málsníði eða hröðu tali þannig að varðveisluhömlur víki fyrir mörkunarhömlum, sbr. *Hvað ertu að gera?* → *Ka.ta ge.ra?*

<sup>7</sup> Punktur er notaður til að auðkenna atkvæðaskil.

Chomsky ætlar að kaupa sér bíl og vill að hann sé gulur, með dekk og blæju og af gerðinni Toyota í þeirri forgangs röð. Um val hans á bíl gilda hömlurnar GULUR >> DEKK >> BLÆJA >> TOYOTA. Á bílasölu er til rauð Toyota Corolla og blár VW Golf. Chomsky er ekki í neinum vandræðum með að velja bíl því að rauða Toyotan er besti kosturinn miðað við hans kröfur. Hvorugur er gulur eða með blæju og báðir eru með dekk þannig að þessar hömlur ráða ekki úrslitum, jafnvel þótt þær séu mikilvægari í huga hans.

- (6) Bestunartafla sem Chomsky notar til að velja bíl:<sup>8</sup>  
GULUR >> DEKK >> BLÆJA >> TOYOTA

|                       | GULUR | DEKK | BLÆJA | TOYOTA |
|-----------------------|-------|------|-------|--------|
| ☞ Rauð Toyota Corolla | *     |      | *     |        |
| Blár VW Golf          | *     |      | *     | !*     |

Hefðbundin BK gerir ráð fyrir því eins og umbreytingamálfræði að fyrir hvert inntak sé eitt og aðeins eitt tækt úttak. Á síðustu árum hefur kenningunni þó verið beitt til að spá fyrir um röð valkosta í þeim tilgangi að gera grein fyrir breytileika í máli (sjá einkum Coetzee 2004, Coetzee 2006). BK hefur þann kost að ekki þarf að breyta neinu í meginhönnun hennar til að draga fram slíka spádóma, hönnunin felur í sér hvaða valkostur er næstbestur og svo koll af kolli.

- (7) Greiningin hjá Coetzee á hlutverki valkosta sem tapa felur ekki aðeins í sér hugmyndina um mismunandi tækar segðir heldur sýnir hún hvernig má gera líkan af breytileika í máli sem **skýrir hvers konar breytileiki er mögulegur og hvers konar breytileiki er ekki mögulegur.**

Þessi eiginleiki BK leiðir af því hvað kenningin er samofin mörkun.

## 2.2 Hrynjandi og mörkun

Innan orðræðu málfræðinnar er mörkunarhugtakið talsvert notað til að fjalla um mun á því sem er hlutlaust/einfalt og sértækt/flókið í tungumálinu og slíkt fer oft saman við muninn á algengu og sjaldgæfu. Mörkun sem málfræðihugtak á rætur sínar að rekja til Pragarskólans og lifir enn góðu lífi í fræðunum. Bestunarkenningin lýsir ákvörðunum málkunnáttunnar sem niðurstöðu átaka milli varðveisluhamlna og mörkunarhamlna og er

<sup>8</sup> Fingur sem bendir (☞) er notaður til að auðkenna besta valkost í bestunartöflu. Upphrópunarmerki gefur til kynna hömlu sem útilokar tiltekinn valkost.

að mörgu leyti formleg framsetning á eðli mörkunar. Án BK-nálgunar er hugmyndin um mörkun oft fremur óljós eins og tilvitnun af *Wikipedia* (8) gefur til kynna.

- (8) Hugmyndin um mörkun er fremur óljós. Það er lítið um nákvæma mælikvarða til að meta hvaða myndir eru meira markaðar en aðrar.<sup>9</sup>  
(*Wikipedia* 2007. Markedness.)

Tilgreinum nú nokkrar mörkunarhömlur (sbr. McCarthy og Prince 1994) sem taldar eru gilda í öllum tungumálum, (9), (10) og (11).

- (9) FT-BIN  
Áhersluliður (e. *foot*) er tvíkvæður.  
Dæmi: (σσ) en ekki (σ)<sup>10</sup>
- (10) ALL-FT-LEFT  
Áhersluliður stendur í upphafi hljóðkerfisorðs.  
Með framsetningu sem McCarthy og Prince (1993) nota fyrir jaðarhömlur (sbr. e. *Generalized Alignment*) má tákna þessa hömlu svona:  
Align(Ft, L, PrWd, L)  
(Vinstri jaðar áhersluliðar skal jafnaður við vinstri jaðar hljóðkerfisorðs)  
Dæmi: (σσ) eða (σ) en ekki (σσ)(σ) eða (σσ)(σσ)
- (11) PARSE-SYLL  
Hvert atkvæði tilheyrir áherslulið.  
Dæmi: (σσ), (σ) eða (σσ)(σσ) en ekki (σσ)σ

Þar að auki verður hér unnið með varðveisluhömlu (12) (sbr. Hammond 1997:48-50).

- (12) FAITH(σ̣)<sub>ROOT</sub>  
Varðveita skal áherslulaust sérhljóð (atkvæði) í rót.

Fyrrnefnt dæmi (5) sýnir hvernig áherslulaust sérhljóð fellur niður í tvíkvæðri rót þegar sérhljóð kemur þar á eftir (sbr. Gibson 1997:256–281, Kristján Árnason 2005:290–291). Í ljósi þeirra hamlna sem nefndar hafa verið mætti gera líkan af þessu brottfalli með því að tilgreina að mörkunarhömlurnar séu réttærri en varðveisluhamlan eins og gert er í (13). Hér er vitanlega ekki um endanlega greiningu á stigveldi þessara hamlna í íslensku að ræða, til þess þarf miklu víðtækari athugun á íslenska hljóðkerfinu. Aftur á móti gengur

<sup>9</sup> Þýðing mín úr ensku: „Markedness is a somewhat a fuzzy notion. There are few strict criteria to determine which forms are considered more marked and which are not.“

<sup>10</sup> Lítið sigma ‘σ’ er notað til að tákna atkvæði.

greiningin upp miðað við þau dæmi sem hér eru skoðuð og hún dregur fram mörkunarmun ólíkra áhersluliða.

- (13) Bestunartafla sem lýsir brottfallinu /sykur-i/ → *syk.ri*:<sup>11</sup>  
 ALL-FT-LEFT, PARSE-SYLL >> FT-BIN >> FAITH( $\sigma$ )<sub>STEM</sub>

|                          | ALL-FT-LEFT | PARSE-SYLL | FT-BIN | FAITH( $\sigma$ ) <sub>ROOT</sub> |
|--------------------------|-------------|------------|--------|-----------------------------------|
| (sy.ku)ri                |             | *!         |        |                                   |
| (sy.ku)(ri)              | *!          |            | *      |                                   |
| ☞ (syk.ri) <sup>12</sup> |             |            |        | *                                 |

Stigveldið sem hér er sett upp felur í sér að tvíliður sé ómarkaðasta hljóðkerfisorð í íslensku (sbr. umræðu um mörkun ólíkra hljóðkerfisorða hjá McCarthy og Prince 1994) og að stúfur sé minna markaður en þríliður. Niðurstöður í §4 rökstyðja þá greiningu. Ágætt er að glöggva sig á þessu með því að setja tvílið, stúf og þrílið upp í bestunartöflu og tilgreina röð liðanna út frá því hversu markaðir þeir eru. Tvíliðurinn er bestur (það er *e. most optimal*) og svo koll af kolli (14).

- (14) Bestunartafla sem lýsir mörkun ólíkrar hrynjandi hljóðkerfisorða í íslensku:<sup>13</sup>  
 ALL-FT-LEFT, PARSE-SYLL >> FT-BIN

|                          | ALL-FT-LEFT | PARSE-SYLL | FT-BIN |
|--------------------------|-------------|------------|--------|
| ☞ <sub>1</sub> (σσ)      |             |            |        |
| ☞ <sub>2</sub> (σ)       |             |            | *      |
| ☞ <sub>3/4</sub> (σσ)(σ) | *           |            | *      |
| ☞ <sub>3/4</sub> (σσ)σ   |             | *          |        |

Miðað við greininguna í (14) er frávikið frá hinum ómarkaða tvílið meira hjá þríliðum en hjá stúfum. Í anda Coetzee (2004, 2006) getum við því sagt að við málaðstæður þar sem

<sup>11</sup> Skyggðir reitir tilgreina að viðkomandi hamla skipti ekki máli því að rétthærri hamla hefur þegar útilokað valkostinn sem um ræðir.

<sup>12</sup> Hér má sjá vísbendingu um að mörkunarhamlan NOCODA, sem bannar að atkvæði hafi hala, er lægra sett en hömlurnar í töflunni því að atkvæðið *syk* brýtur hana. Þetta kemur í raun ekki á óvart þar sem halar og samhljóðaklasar eru algengir í íslensku.


<sup>13</sup> Rithátturinn ☞<sub>1</sub> er sá sami og í greiningu hjá Coetzee (2006) á breytileika í máli. Kostir ☞<sub>3/4</sub> sýna að þríliður er verri en bæði tvíliður og stúfur hvort sem gert er ráð fyrir aukaáherslu á þriðja atkvæði eða lokaatkvæði sem stendur út af og tilheyrir engum áherslulið.

breytileiki kemur fram, til dæmis við fallmörkun í frumlagssæti með ýmsum ópersónulegum sögnum í íslensku, ætti málhafi sem samþykkir ( $\sigma$ ) sem frumlag einnig að samþykkja ( $\sigma\sigma$ ) og sá sem samþykkir ( $\sigma\sigma\sigma$ ) ætti nánast örugglega að samþykkja ( $\sigma\sigma$ ). Einnig má segja að sá sem hafnar ( $\sigma\sigma$ ) ætti líka að hafna ( $\sigma$ ) og sá sem hafnar ( $\sigma\sigma$ ) ætti nánast örugglega að hafna ( $\sigma\sigma\sigma$ ). Þetta byggir á því að þegar breytileiki í máli kemur fram hjá sama málhafanum er það vegna þess að réttþærri hömlur, sem ættu að aðgreina milli tveggja kosta ef breytileikinn væri enginn, ná ekki að aðgreina kostina. Í tilviki ópersónulegra sagna í íslensku getum við hugsað okkur að einhver hamla sem mætti til hagræðis nefna ÞF/ÞGF<sup>14</sup> ætti að greina milli fallanna en þar sem margir málhafar samþykkja bæði þolfall og þágufall með ýmsum sögnum (sbr. Kristín Edda Búadóttir 2007) er þessi aðgreining af einhverjum ástæðum ekki til staðar hjá þeim. Þegar svo er skipta réttlægri hömlur máli ef þær eru aðgreinandi samkvæmt (4).

### 2.3 Samspil setningafræði og hljóðkerfisfræði

Samspili setningafræði og hljóðkerfisfræði er að jafnaði lýst þannig að þetta séu tvær aðskildar einingar og að hljóðkerfisreglur virki á eftir setningafræðilegum reglum þannig að áhrif milli eininganna geti aðeins verið í aðra áttina. Ef málfræði byggist á umbreytingareglum má hugsa sér skýr skil á milli eininganna þar sem síðasta setningafræðilega reglan hefur virkað og áður en fyrsta hljóðkerfisreglan hefur virkað (15) (sbr. Chomsky og Halle 1968).

(15) Hefðbundin sýn málfræðinnar á skil milli setningafræði og hljóðkerfisfræði.




Dæmi um að setningafræðilegir eiginleikar sem birtast í tungumálinu séu á einhvern hátt hljóðkerfislega skilyrtir eru samkvæmt þessu líkani ekki mögulegir. Þegar slík dæmi

<sup>14</sup> Hér er um að ræða hömlu sem er aðeins ætluð sem eins konar merkimiði á aðgreiningu þolfalls og þágufalls frekar en að um eiginlega hömlu séu að ræða. Golston (1995) notar hömlunafnið SYNTAX á svipaðan hátt. Um eðli aukafallsfrumлага í íslensku má lesa hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni (1997-1998).

finnast kallar það á umræðu um það hvort mynd (15) er rétt og ef hún er það ekki, í hverju villan felst þá? Eins og áður segir hafa málfræðingar talið sig finna fyrirbæri af þessu tagi í Bantu-málum (Harford og Demuth 1999), grísku (Keller og Alexopoulou 2001) og frönsku (Teeple 2007) og velt fyrir sér hvernig þau beri að skýra. Hér á eftir verða sýnd dæmi um hvernig fallmörkun í íslensku getur ráðist af hljóðkerfislegum aðstæðum þegar setningalegar hömlur eru ekki aðgreinandi.


Ekki virðist æskilegt að hafna því að hin hefðbundna sýn sé í meginatriðum rétt, mikill árangur málfræðinga í að beita henni styrkja þá hugmynd að setningafræði virki að mestu á undan hljóðkerfisfræði. Rökin fyrir þessu eru ýmis og ekki ástæða til að fara ofan í saumana á þeim hér. Einfaldasta leiðin til að varðveita þessa röð en skýra um leið dæmi þar sem hljóðkerfið tekur ákvörðun er að halda röðinni (a.m.k í meginatriðum) en hafna skilunum. Hefðbundin nálgun bæði í umbreytingamálfræði og BK gerir ráð fyrir raðvinnslu milli eininga líkt og í (15) þó að í BK sé gert ráð fyrir hliðvinnslu innan eininga. Einnig má beita BK með þeim hætti að hliðvinnsla sé notuð fyrir málmyndunina í heild án þess að skil séu milli eininga (e. *Strongly Parellel OT*). Besta úttak er metið út frá heildinni en ekki fyrir eina einingu í einu og ef setningafræðilegar hömlur gera ekki upp á milli valkosta taka hljóðkerfishömlur við (16) (sbr. Golston 1995). Sumir telja raunar mögulegt að leyfa það að einstakar hljóðkerfishömlur raðist fyrir ofan setningahömlur án þess að heildarmyndin raskist um of ef gögn úr einhverjum tungumálum benda til að svo sé (sbr. Teeple 2007).

- (16) Hliðvinnsla í stað raðvinnslu, skil milli eininga tekin út  
(sbr. e. *Strongly Parellel OT*).



Í framhaldi af umræðu í §2.1 og §2.2 verður gert ráð fyrir því að þágufallshneigð falli að því sem Coetzee (2004, 2006) segir um breytileika í máli. Í þeim tilvikum þar sem hljóðkerfið velur á milli þolfalls og þágufalls vegna ólíkrar hrynjandi er þá einfaldast og eðlilegast að gera grein fyrir því með hliðvinnslu eins og lýst er almennt í (16) og fyrir parið *Jón/Jóni* í (17).

(17) Mynd af hliðvinnslu í BK þar sem ÞF/ÞGF hamla er ekki aðgreinandi.



### 3 Könnunin

#### 3.1 Þátttakendur

Könnunin sem notuð var til að fá niðurstöður sem lýst er í §4 var lögð fyrir 54 nemendur í tveimur bekkjum á fyrsta ári í Verzlunarskóla Íslands. Þátttakendur voru ekki beðnir um neinar persónuupplýsingar og ekki var spurt um neinar félagslegar breytur eins og kyn, menntun foreldra eða annað sambærilegt. Þó er ljóst að dreifing milli kynja var nokkuð jöfn og flestir eða allir voru á aldrinum 15–16 ára. Höfundur lagði könnunina sjálfur fyrir og gætti þess að nemendurnir fengju ekki aðstoð frá kennurum og hefðu ekki samráð um svör. Áður en könnunin var lögð fyrir var hún prófuð á nokkrum vinum og kunningjum og voru lítilsháttar lagfæringar gerðar á prófblaðinu í framhaldi af því.

Leiðbeiningar til bekkjanna sem tóku þátt voru þær sömu og reynt var að hafa framkvæmdina sem líkasta í báðum bekkjum. Fyrst var leiðbeiningum á fyrstu blaðsíðu lýst fyrir nemendum. Þeir voru svo látnir fá prófblaðið og þeim sagt að lesa leiðbeiningarnar sjálfir yfir. Þátttakendur voru á bilinu 15–25 mínútur að svara prófblaðinu. Reynt var að hanna könnunina þannig að hún tæki ekki lengri tíma til að minnka líkur á að nemendurnir yrðu óþolinmóðir og það hefði áhrif á svörin.

### 3.2 Prófblað

Prófblaðið (sjá viðauka §8.1) var með 80 setningum, 20 á hverri blaðsíðu, en aðeins 12 þeirra tengdust tilgátum um tvíliðahneigð. Þar af voru aðeins 8 sem tengdust frumlagsfalli með ópersónulegum sögnum.<sup>15</sup> Þátttakendur voru beðnir að merkja hverja setningu tæka, vafasama eða ótæka eftir því hvað þeim þætti venjulegt mál. Til að fá upplýsingar um val á frumlagi út frá hljóðkerfislegum aðstæðum þurfti sögnin að vera fasti í samanburðinum ólíkt fyrri könnunum á þágufallshneigð þar sem sögnin hefur verið breyta. Þá hefur breytileg sögn verið notuð með sama frumlagi (Ásta Svavarsdóttir 1982, Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson 2003) eða breytileg sögn með breytilegu en sambærilegu frumlagi (Kristín Edda Búadóttir 2007).

- (18) a. Hvers vegna vantar **Jón** þessa nagla?
- b. **Guðmund** vantar nýjan jakka.
- c. Það er ljóst að **Jóni** vantar betri hugmynd.
- d. Vantar ekki **Guðmundi** bara stærri jeppa

Sá setningahópur sem var prófaður og stuðst er við hér er sýndur í (18) sem er endurtekning á (2). Setningunum var raðað þannig að aðeins ein þeirra kom á hverri blaðsíðu í prófinu. Þessar setningar hafa bæði kosti og galla. Helsti gallinn er sá að um er að ræða ólíka setningagerð og því er mögulegt að setningafræðilegt umhverfi hafi áhrif á val þátttakenda. Fyrri greiningar á þágufallshneigð hafa þó gert ráð fyrir að sögnin sé ráðandi þáttur fyrir val á frumlagsfalli fremur en formgerð setningarinnar. Einnig má benda á að þátttakendur gerðu oft athugasemdir við óeðlilegt orðalag eða skrifuðu leiðréttu setningagerð í fyllisetningum með útvíkkðu framvinduhorfi (sbr. Höskuldur Þráinsson 1999, Jón Axel Harðarson 2000, Höskuldur Þráinsson 2001), nýrri þolmynd (sbr. Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001, Þórhallur Eypórsson 2007) og öðrum sérstökum setningagerðum en allar athugasemdir við setningarnar í (18) voru til að breyta frumlagsfalli.

Helsti kosturinn við setningarnar er að hið ólíka setningaumhverfi minnkar líkur á því að þátttakendur átti sig á því að verið er að prófa sama atriðið með nokkrum setningum. Eins og áður var nefnt var aðeins eins setning á blaðsíðu með sögninni *vanta*

---

<sup>15</sup> Nokkur eðlismunur var á þeim atriðum sem voru könnuð enda var um leið leitað að rannsóknaraðferð sem getur dregið fram fyrirbæri á borð við tvíliðahneigð. Þær niðurstöður sem ekki er fjallað um hér fela ekki í sér neitt sem mælir gegn kenningu um tvíliðahneigð.

til þess að dylja tilgang rannsóknarinnar enn frekar. Nöfnin *Jón* og *Guðmundur* voru valin þar sem þau draga fram muninn sem verið er að kanna og beyging þeirra er stöðug í þolfalli og þágufalli. Orð sem standa við hlið frumlagsins eru tvíliðir í öllum setningunum til að hljóðkerfislegt umhverfi sé sem sambærilegast. Þetta gæti hugsanlega aukið líkur á að fólk velji frumlag sem er tvíliður vegna hryngæða (e. *eurhythmy*) (sbr. Dehé 2007) sem ná út fyrir frumlagið sjálft. Slík áhrif væru líka hljóðkerfisleg og styddu þar með einnig tilgátuna um að hljóðkerfi geti ráðið úrslitum um val milli jafntækra setningafræðilegra kosta. Hér verður talið að tvíliðurinn sem slíkur skipti meira máli fyrir niðurstöður í §4 en hryngæði en frekari rannsóknir þarf til að greina þar á milli.

## 4 Niðurstöður


### 4.1 Heildarniðurstöður

Fyrsta almenna tilgátan er sú að fyrir setningarnar í (18) sé meiri tilhneiging til að málhafar taki tvíkvæða þolfallið *Guðmund* í (18b) fram yfir þríkvæða þágufallið *Guðmundi* í (18d) og að tvíkvæða þágufallið *Jóni* fái betri dóma en einkvæða þolfallið *Jón*. Núlltilgátan til samanburðar er sú að frumlagsfall ráðist aðeins af sögninni og að þar með samþykki jafnmargir málhafar þolfall með báðum nöfnum og að einnig samþykki jafnmargir málhafar þágufall með báðum nöfnum. Heildarniðurstöður eru birtar í (19), (20) og (21).


- (19) Heildarniðurstöður: Fjöldi jákvæðra dóma um frumlag með sögninni *vanta*.  
Heildarfjöldi málhafa: 54.  
P-gildi samkvæmt kí-kvaðrats-prófi: 0,0007 (veruleg marktækni).

| Valkostur | Frumlag  | Fjöldi jákv. dóma | Núlltilgáta |
|-----------|----------|-------------------|-------------|
| þf (σ)    | Jón      | 27                | 30          |
| þf (σσ)   | Guðmund  | 33                | 30          |
| þgf (σσ)  | Jóni     | 40                | 25.5        |
| þgf (σσσ) | Guðmundi | 11                | 25.5        |

- (20) Jákvæðir dómar um frumlag með sögninni *vanta* í þolfalli.  
Heildarfjöldi málhafa: 54.



- (21) Jákvæðir dómar um frumlag með sögninni *vanta* í þágufalli.  
Heildarfjöldi málhafa: 54.



Niðurstöður eru í samræmi við kenninguna og eru verulega marktækar þrátt fyrir lítið úrtak. Munur á jákvæðum dómum í þolfalli er að vísu ekki marktækur en fyrirfram var búist við að munur á jákvæðum dómum í þolfalli væri minni en í þágufalli vegna þess að mörkunarmunur á stúf og tvílið er minni en munur á þrílið og tvílið. Þessar tölur eru í samræmi við að ómarkaðar myndir séu vinsælli en markaðar þegar um er að ræða breytileika í máli. Enn fremur benda þær til þess að nauðsynlegt sé að endurskoða hugmyndina um að sögnin sé ráðandi breyta fyrir val á frumlagsfalli við aðstæður þar sem þágufallshneigð getur komið upp. Vafasamt er að spyrja hvað þágufallshneigð er algeng með tiltekinni sögn, t.d. *vanta*, án þess að hafa einnig í huga hvert frumlagið er, jafnvel þótt það sé sambærilegt í skilningi setningafræðinnar. Í málfræðirannsókn sem kannar slíkt getur skipt meira máli hvort frumlagið er *Jón* eða *Guðmundur* heldur en hvort sögnin er *vanta* eða *langa*.

## 4.2 Mynstur hjá einstökum málhöfum

Samkvæmt umræðu í §2.2 og §2.3 ættu að koma fram ákveðin mynstur í því hvernig málfarar geta dæmt setningarnar í (18). Upplýsingarnar sem felast í töflu (14) ættu samkvæmt Coetzee (2004, 2006) að fela í sér spádóma (22) og (23).

- (22) Ef málhafi er ósamkvæmur sjálfum sér um að samþykkja eða hafna þolfalli með *vanta* ætti hann helst ekki að geta samþykkt stúf eins og *Jón* og hafnað í senn tvíliðnum *Guðmund*. Hann ætti aftur á móti að geta samþykkt frumlagið *Guðmund* en hafnað *Jón*. Með öðrum orðum: Ef setningahömlur gera ekki upp á milli þolfalls og þágufalls er tvíliður betri kostur en stúfur.
- (23) Ef málhafi er ósamkvæmur sjálfum sér um að samþykkja eða hafna þágufalli með *vanta* ætti hann mjög ólíklega að geta samþykkt þrílið eins og *Guðmundi* og hafnað í senn tvíliðnum *Jóni*. Hann ætti aftur á móti að geta samþykkt frumlagið *Jóni* en hafnað *Guðmundi*. Munurinn er skýrari hér en í (22) því að meiri munur er á mörkun þríliðar og tvíliðar en stúfs og tvíliðar, sbr. (14). Með öðrum orðum: Ef setningahömlur gera ekki upp á milli þolfalls og þágufalls er tvíliður betri kostur en þríliður.

Spádómarnir í (22) og (23) eru byggðir á mörkunarmun og má glöggva sig á þeim mun með bestunartöflum (24) og (25). Ef ekki væri um breytileika í máli að ræða kæmi að sjálfsgöðu aðeins einn möguleiki til greina en þar sem um breytileika er að ræða má draga fram eðli hans með þessum hætti.

- (24) Bestunartafla: Að velja fall á frumlagið *Jón* út frá hrynjandi þegar setningahamla greinir ekki milli þolfalls og þágufalls.

|                           | ÞF/ÞGF | ALL-FT-LEFT | PARSE-SYLL | FT-BIN |
|---------------------------|--------|-------------|------------|--------|
| ☞ <sub>1</sub> Jóni (þgf) | */Ø    |             |            |        |
| ☞ <sub>2</sub> Jón (þf)   | */Ø    |             |            | *      |


- (25) Bestunartafla: Að velja fall á frumlagið *Guðmundur* út frá hrynjandi þegar setningahamla greinir ekki milli þolfalls og þágufalls.

|                                | ÞF/ÞGF | ALL-FT-LEFT | PARSE-SYLL      | FT-BIN |
|--------------------------------|--------|-------------|-----------------|--------|
| ☞ <sub>1</sub> Guðmund (þf)    | */Ø    |             |                 |        |
| ?☞ <sub>2</sub> Guðmundi (þgf) | */Ø    |             | * <sup>16</sup> | *      |


Niðurstöður fyrir mynstur í vali einstakra málhafa, sem ekki voru samkvæmir sjálfum sér, eru sýndar í (26) og (27). Aðeins eru birtar tölur yfir þá sem eru ósamkvæmir sjálfum sér af því að ætlunin er að draga fram eðli breytileika. Eins og við er að búast voru fleiri með valmynstrið *Guðmund/\*Jón* en *\*Guðmund/Jón*. Mikilvægara er þó að allir 28 sem voru ósamkvæmir sjálfum sér um dóma á þágufallsfrumlögum hafa mynstrið *Jóni/\*Guðmundi* en enginn hefur mynstrið *\*Jóni/Guðmundi*. Slíkt er sterk vísbending um tvíliðahneigð og bendir eindregið til þess að hrynjandi geti ráðið úrslitum um fall á frumlagi hjá málhafa sem annars getur samþykkt bæði þolfall og þágufall.

<sup>16</sup> Þessi hamla er brotin miðað við að ekki sé aukaáhersla á þriðja atkvæði. Ef um slíka áherslu væri að ræða væri ALL-FT-LEFT brotin þess í stað, sbr. (14). Þríliðurinn er í hvoru tilfellinu sem er verri en bæði tvíliður og stúfur.

- (26) Mynstur dóma um frumlag í þolfalli með sögninni *vanta* þegar málhafi er ósamkvæmur sjálfum sér (þ.e. samþykkir aðra þolfallsmyndina en hafnar hinni). Heildarfjöldi málhafa var 54 en þar af voru 18 ósamkvæmir sjálfum sér.



- (27) Mynstur dóma um frumlag í þágufalli með sögninni *vanta* þegar málhafi er ósamkvæmur sjálfum sér (þ.e. samþykkir aðra þágufallsmyndina en hafnar hinni). Heildarfjöldi málhafa var 54 en þar af voru 28 ósamkvæmir sjálfum sér.



## 5 Samanburður við fyrri kannanir

Þágufallshneigð hefur verið rannsökuð með eyðufyllingarprófum þar sem þátttakendur í könnun voru látnir skrifa persónufornafnið *hún* í réttu falli fyrir framan sögn (Ásta Svavarsdóttir 1982, Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson 2003). Tvíliðahneigð ætti ekki að hafa áhrif á frumlag sagna eins og *vanta* og *langa* í slíkum prófum enda er fornafnið tvíliður bæði í þolfalli, *hana*, og þágufalli, *henni*. Aftur á móti er hluti af könnun sem Kristín Edda Búadóttir (2007) gerði vel fallinn til samanburðar en þar bað hún þátttakendur um að velja milli kosta eins og í (28). Samanburðurinn er einnig áhugaverður fyrir þær sakir að hún notaði viðtalskönnun í stað prófs sem fyllt er út á blaði en rökrétt virðist að ætla að hljóðkerfisleg áhrif ættu jafnvel enn frekar að koma fram í könnun þar sem þátttakendur segja svör sín upphátt.

(28) Guðmundur/Guðmund/Guðmundi vantar gleraugu.

Hér er frumlagið það sama í öllum útgáfum af setningunni og því ekkert sem aðgreinir þær nema fall og hrynjandi. Sams konar setningahópar voru notaðir fyrir sagnirnar *kvíða*, *hlakka*, *dreyma* og *langa*. Niðurstöður Kristínar Eddu úr þessum lið voru að með öllum sögnunum væri þolfall það fall sem flestir málhafar kysu. Þetta er í talsverðu ósamræmi við fyrrnefnda rannsókn Jóhannesar og Þórhalls en þar var þolfall ekki vinsælasti kostur fyrir neina þessara sagna. Í þeirra könnun var þágufall það fall sem flestir notuðu með sögnunum *dreyma*, *vanta*, *langa* og *hlakka til* og flestir notuðu hið upprunalega nefnifall með *kvíða fyrir*. Hugsanlegt er að málvöndun skipti hér máli en viðmælendur Kristínar voru eldri en þeir sem tóku þátt í könnun Jóhannesar og Þórhalls. Málvöndun ætti þó varla að skýra svo mikla sókn í þolfall með *kvíða fyrir*. Ofvöndun er hugsanleg en Jóhannes og Þórhallur telja þó að merking *kvíða fyrir* samrýmist nefnifallsfrumlagi vel og ætti sögnin samkvæmt því að vera móttækileg fyrir „rétttri“ vöndun. Með því að skoða frumlög sem Kristín Edda notaði (29) sést að ósamræmið má skýra með tvíliðahneigð.

| (29) frumlag í nf. | frumlag í þf. | frumlag í þgf. | sögn        |
|--------------------|---------------|----------------|-------------|
| Sigurður (3)       | Sigurð (2)    | Sigurði (3)    | kvíða fyrir |
| hún (1)            | hana (2)      | henni (2)      | hlakka til  |
| Ólafur (3)         | Ólaf (2)      | Ólafi (3)      | dreyma      |
| Guðmundur (3)      | Guðmund (2)   | Guðmundi (3)   | vanta       |
| Höskuldur (3)      | Höskuld (2)   | Höskuldi (3)   | langa       |

(atkvæðafjöldi í sviga fyrir aftan hvert frumlag)

Í öllum tilvikum er frumlagið tvíliður í þolfalli og frumlögin eru öll nema *hún* þríliðir í þágufalli. Vinsældir þolfalls í könnun Kristínar Eddu koma því ekki á óvart í ljósi tvíliðahneigðar. Það má velta fyrir sér af hverju þágufallið *henni* er ekki vinsælast með *hlakka til* en það hefur engar sérstakar afleiðingar fyrir kenninguna um tvíliðahneigð. Hrynjandi greinir ekki milli *hana* og *henni* og því ráða aðrir þættir úrslitum um val málhafa á frumlagi í því tilviki.

## 6 Niðurlag

Niðurstöður sem hér hafa verið kynntar benda til þess að tvíliðir sem ómörkuð hrynjandi í íslensku geti haft áhrif á fallmörkun frumlags hjá málhöfum sem geta samþykkt bæði þolfall og þágufall með sömu sögn. Þetta kemur fram bæði sem almenn tilhneiging málhafa til að leita í tvíliði (§4.1) og í mynstri sem fram kemur í svörum einstakra málhafa (§4.2). Af þeim sem voru ósamkvæmir sjálfum sér í dómum um frumlag í þolfalli voru fáir sem gátu samþykkt stúf án þess að samþykkja líka tvílið (26). Enginn af þeim sem voru ósamkvæmir sjálfum sér í dómum um frumlag í þágufalli samþykkti þrílið án þess að samþykkja einnig tvílið (27). Niðurstöðurnar benda til þess að tilgátan um að tvíliður sé betri hrynjandi en bæði stúfur og þríliður sé rétt og að stúfur sé einnig betri en þríliður eins og spáð var (§2.2). Frekari rannsóknar er þó þörf.

Samanburður við könnun Kristínar Eddu Búadóttur (2007) rennir frekari stoðum undir kenninguna um tvíliðahneigð en þar var talsverð tilhneiging til að málhafar kysu frumlag í þolfalli frekar en þágufalli þegar það fól í sér að velja tvílið fremur en þrílið. Tvíliðahneigð er einföld skýring á því hvers vegna niðurstöður hennar eru ólíkar niðurstöðum Jóhannesar Gísla Jónssonar og Þórhalls Eypórssonar (2003) án þess að það krefjist túlkunar á því hvernig málvöndun fer með einstakar sagnir. Ástæða er til að hönnun á komandi rannsóknum á þágufallshneigð, og ef til vill fleiri málfræðilegum fyrirbærum, taki mið af mögulegum áhrifum hrynjandi.

Mikilvægast er þó að ekki er sjálfgefið að verkun milli setningafræði og hljóðkerfis geti aðeins verið í aðra áttina. Með Hliðvinnslu-BK (§2.3) er hægt að gera grein fyrir áhrifum hljóðkerfis á val milli setningafræðilegra kosta en vandséð er hvernig slíkt megi gera með umbreytingareglum sem virka innan aðskilinna málmyndunareininga þar sem verkun í aðra áttina er innbyggð í kerfið. Þetta vekur upp spurningar um eðli málkunnáttunnar og kosti og galla ólíkra kenningakerfa sem notuð eru til að lýsa henni.

## 7 Heimildir

ROA = Rutgers Optimality Archive, <<http://roa.rutgers.edu/>>.

Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki“. *Íslenskt mál* 4:19–62.

Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson. 1984. Fall er fararheill. Um fallanotkun með ópersónulegum sögnum. *Íslenskt mál* 6:33–55.

Chomsky, Noam. 1957. *Syntactic Structures*. Mouton, Hag.

Chomsky, Noam. 1965. *Aspects of the Theory of Syntax*. MIT Press, Cambridge.

Chomsky, Noam, Morris Halle. 1968. *The Sound Pattern of English*. Harper & Row, New York, Evanston og London.

Chomsky, Noam. 1981. *Lectures on government and binding*. Dordrecht, Foris.

Chomsky, Noam. 1995a. Bare phrase structure. Héctor Campos (ritstj.). *Evolution and Revolution in Linguistic Theory*, bls. 51–109. Georgetown University Press, Washington, D.C.

Chomsky, Noam. 1995b. *The Minimalist Program*. MIT Press, Cambridge.

Coetzee, Andries W. 2004. *What it Means to be a Loser*. Non-Optimal Candidates in Optimality Theory. Doktorsritgerð, University of Massachusetts, Amherst. [ROA #687.]

Coetzee, Andries W. 2006. Variation as Accessing “Non-Optimal” Candidates – A Rank-Ordering Model of EVAL. *Phonology* 23:337–385. [Einnig ROA #863.]

Dehé, Nicole. 2007. To delete or not to delete: The contexts of Icelandic Final Vowel Deletion. *Lingua* [væntanl.].

Demuth, Katherine. 1995. Markedness and the Development of Prosodic Structure. *Proceedings of the North East Linguistic Society 25*, GLSA, University of Massachusetts, Amherst, bls. 13–25. [Einnig ROA #50.]

Eiríkur Rögnvaldsson. 1983. Þágufallssýkin og fallakerfi íslensku. *Skíma* 6,2:3–6.

Gibson, Courtney St. John. 1997. *Icelandic Phonology in Optimality Theory*. Doktorsritgerð, University of Iowa.

Golston, Chris. 1995. Syntax outranks phonology: evidence from Ancient Greek. *Phonology* 12:343–368.

- Halldór Halldórsson. 1982. Um méranir: Drög að samtímalegri og sögulegri athugun. *Íslenskt mál* 4:159–189.
- Hammond, Michael. 1997. Optimality Theory and Prosody. Diana Archangeli og D. Terence Langendon (ritstj.). *Optimality Theory. An Overview*, bls. 33–58. Blackwell Publishers, Malden og Oxford.
- Harford, Carolyn og Katherine Demuth 1999. Prosody outranks syntax: An Optimality approach to subject inversion in Bantu relatives. *Linguistic Analysis* 29,1–2:47–68.
- Hayes, Bruce. 1995. *Metrical Stress Theory. Principles and Case Studies*. University of Chicago Press, Chicago.
- Höskuldur Þráinsson. 1999. Hvaða eru margar tíðir í íslensku og hvernig vitum við það? *Íslenskt mál* 21:181–224.
- Höskuldur Þráinsson. 2001. Um nafngiftir hjálparsagnasambanda. *Íslenskt mál* 23:229–252.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–1998. Sagnir með aukafallsfrumlagi. *Íslenskt mál* 19–20:11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson. 2003. Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál* 25:7–40.
- Jón Axel Harðarson. 2000. Horf í íslensku. *Íslenskt mál* 22:129–144.
- Keller, Frank og Theodora Alexopoulou. 2001. Phonology Competes with Syntax: Experimental Evidence for the Interaction of Word Order and Accent Placement in the Realization of Information Structure. *Cognition* 79,3:301–372.
- Kristín Edda Búadóttir. 2007. Þágufallshneigð. Fyrirlestur á Mímisþingi, 17. mars 2007 byggður á BA-ritgerð höfundar. [Einnig dreifiblöð um rannsókn Kristínar.]
- Kristján Árnason. 2005. *Íslensk tunga I. Hljóð*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- McCarthy, John og Alan Prince 1993. *Generalized Alignment*. Handrit. University of Massachusetts og Rutgers University. [ROA #7.]
- McCarthy, John og Alan Prince. 1994. The Emergence of the Unmarked. Optimality in Prosodic Morphology. *Proceedings of the North East Linguistic Society* 24, GLSA, University of Massachusetts, Amherst, bls. 333-379. [Einnig ROA #13.]

- Óskar Ó. Halldórsson. 1972. *Bragur og ljóðstíll*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Prince, Alan og Paul Smolensky. 1993/2002. *Optimality theory: Constraint Interaction in generative grammar*. Handrit. Rutgers University og University of Colorado at Boulder. (Endurskoðuð útgáfa af skýrslu (e. *Technical Report*) frá 1993) [ROA #537.]
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. Það var hrint mér á leiðinni í skólann: Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál* 23:123–180.
- Sigurður Kristófer Pétursson. 1924. *Hrynjandi íslenzkrar tungu*. Steindór Gunnarsson, Reykjavík.
- Smolensky, Paul. 1996. On the Comprehension/Production Dilemma in Child Language, *Linguistic Inquiry* 27:720–731. [Einnig ROA #118.]
- Teeple, David. 2007. Prosody Can Outrank Syntax. Fyrirlestur [, dreifiblöð], WCCFL 26, Berkeley, 27.-29. apríl 2007. University of California, Santa Cruz.
- Wikipedia. 2007. Markedness. Sótt 1. des. 2007 af <<http://en.wikipedia.org/wiki/Markedness>>
- Zwicky, Arnold M., og Geoffrey Pullum. 1986. The principle of phonology-free syntax: introductory remarks. *Ohio State University Working Papers in Linguistics* 32:63–91.
- Þórhallur Eyþórsson. 2007. The New Passive in Icelandic really is a passive. Þórhallur Eyþórsson (ritstj.): *Grammatical Change and Linguistic Theory*, bls. 173–219. The Rosendal Papers. Benjamins, Amsterdam.

## 8 Viðaukar

### 8.1 Prófblað

#### Spurningalisti

ATH! Svörin eiga að vera nafnlaus. Ekki merkja blöðin.

Settu X í viðeigandi dálk:

**Já** = **Eðlileg** setning. Svona get ég vel sagt.  
**?** = **Vafasöm** setning. Ég myndi varla segja svona.  
**Nei** = **Ótæk** setning. Svona get ég ekki sagt.

Mundu að þú átt fyrst og fremst að miða við það sem þér finnst venjulegt mál. Þú getur skrifað stutta athugasemd eða skýringu í dálkinn **Athugasemdir** ef þér finnst ástæða til (t.d. ef þér finnst setningin eðlilegt mál en einhver orð koma fyrir í henni sem þú myndir ekki nota í daglegu tali).

**Dæmi:**

|    |                              | Já | ? | Nei | Athugasemdir |
|----|------------------------------|----|---|-----|--------------|
| A1 | Ég geng stundum í skólann.   | x  |   |     |              |
| A2 | Ég gengur stundum í skólann. |    |   | x   |              |

Lestu hverja setningu vandlega, segðu hana í huganum (í hljóði) og ákveddu hvort þér finnst hún venjulegt mál. Þetta er ekki próf og það eru engin rétt eða röng svör. Það er verið að leita eftir þinni skoðun.

**Settu X í viðeigandi dálk:****Já** = **Eðlileg** setning. Svona get ég vel sagt.**?** = **Vafasöm** setning. Ég myndi varla segja svona.**Nei** = **Ótæk** setning. Svona get ég ekki sagt.

|     |                                                          | Já | ? | Nei | Athugasemdir |
|-----|----------------------------------------------------------|----|---|-----|--------------|
| B1  | Ég syng oft í sturtu.                                    |    |   |     |              |
| B2  | Ég syngur oft í sturtu.                                  |    |   |     |              |
| B3  | Ég er ekki að skilja þessi dæmi.                         |    |   |     |              |
| B4  | Tölvan hjá mér er biluð.                                 |    |   |     |              |
| B5  | Undanfarna daga hefur Jóni ekki leiðst að fara í skólann |    |   |     |              |
| B6  | Þegar ég niðurhala nota ég ýmis forrit.                  |    |   |     |              |
| B7  | Selt verður kleinur í hálfleik.                          |    |   |     |              |
| B8  | Hringt verður í Árna þegar leikurinn er búinn.           |    |   |     |              |
| B9  | Nei, þá vill ég miklu frekar fara í bíó.                 |    |   |     |              |
| B10 | Hvers vegna vantar Jón þessa nagla?                      |    |   |     |              |
| B11 | Hönnun vefsins tekur mið af þörfum margra hópa.          |    |   |     |              |
| B12 | Það var strítt honum Páli um daginn.                     |    |   |     |              |
| B13 | Jóhönnu var hrint.                                       |    |   |     |              |
| B14 | Óli hlakkaði til afmælisdagsins.                         |    |   |     |              |
| B15 | Hann dreymir um að verða bankastjóri.                    |    |   |     |              |
| B16 | Stínu þykir ótrúlega gaman að hanga á Internetinu.       |    |   |     |              |
| B17 | Honum þótti bókin leiðinleg.                             |    |   |     |              |
| B18 | Hvað er betra en gott súkkulaði?                         |    |   |     |              |
| B19 | Önnu fannst krakkarnir leiðinlegir.                      |    |   |     |              |
| B20 | Vil hann ekki segja þér hvað gerðist?                    |    |   |     |              |

## Settu X í viðeigandi dálk:

**Já** = **Eðlileg** setning. Svona get ég vel sagt.  
**?** = **Vafasöm** setning. Ég myndi varla segja svona.  
**Nei** = **Ótæk** setning. Svona get ég ekki sagt.

|     |                                                       | Já | ? | Nei | Athugasemdir |
|-----|-------------------------------------------------------|----|---|-----|--------------|
| B21 | Það var hrint honum og barið.                         |    |   |     |              |
| B22 | Vantar ekki Guðmundi bara stærri jeppa?               |    |   |     |              |
| B23 | Það var hringt í mig.                                 |    |   |     |              |
| B24 | Tekjur vegna vefjar bankans hafa aukist.              |    |   |     |              |
| B25 | Dagný hnerraði blöðin af borðinu.                     |    |   |     |              |
| B26 | Dóttir Sigrúnar vil frekar leika sér en fara að sofa. |    |   |     |              |
| B27 | Það er mikilvægt að hafa góða nettengingu.            |    |   |     |              |
| B28 | Ég niðurhel stundum efni af vef RÚV.                  |    |   |     |              |
| B29 | Veistu hvort honum dreymir um að verða ríkur?         |    |   |     |              |
| B30 | Þú ert svo svakalega mikið nörd.                      |    |   |     |              |
| B31 | Tölvan afa gamla er biluð.                            |    |   |     |              |
| B32 | Sumir downloada sjónvarpsefni reglulega.              |    |   |     |              |
| B33 | Jólin eru komið og þá er svo gaman.                   |    |   |     |              |
| B34 | Þið eruð svo mikil montrössgut að ég þoli ykkur ekki. |    |   |     |              |
| B35 | Nú vil ég fá að segja þér sögu.                       |    |   |     |              |
| B36 | Ísinn er hálari í dag en í gær.                       |    |   |     |              |
| B37 | Siggi niðurról þættinum í gær.                        |    |   |     |              |
| B38 | Ég hef aldrei séð þykkari bunka af dagblöðum.         |    |   |     |              |
| B39 | Gaurinn er hættur að niðurrhlaða.                     |    |   |     |              |
| B40 | Kaknaveislur hjá ömmu eru yndislegar.                 |    |   |     |              |

## Settu X í viðeigandi dálk:

Já = Eðlileg setning. Svona get ég vel sagt.  
 ? = Vafasöm setning. Ég myndi varla segja svona.  
 Nei = Ótæk setning. Svona get ég ekki sagt.

|     |                                                                           | Já | ? | Nei | Athugasemdir |
|-----|---------------------------------------------------------------------------|----|---|-----|--------------|
| B41 | Ég niðurhalaði þessu fyrir skólann.                                       |    |   |     |              |
| B42 | Nei, ég vil ekki sjá þessa mynd, mér er sagt að hún sé léleg.             |    |   |     |              |
| B43 | Mamma sagði okkur oft skemmtilegar sögur á kvöldin þegar við vorum yngri. |    |   |     |              |
| B44 | Gummi er mesta nörd sem ég þekki en þið eruð líka frekar miklir nördar.   |    |   |     |              |
| B45 | Harpa vill tala við skólastjórnann.                                       |    |   |     |              |
| B46 | Munur milli miðla eins og sjónvarps og vefs er talsverður.                |    |   |     |              |
| B47 | Karen niðurhlaði öllu sem hún fann um þetta efni.                         |    |   |     |              |
| B48 | Guðmund vantar nýjan jakka.                                               |    |   |     |              |
| B49 | Hvort viltu frekar eplasafa eða pernasafa?                                |    |   |     |              |
| B50 | Jói og Siggí eru algjör monstrassgöt.                                     |    |   |     |              |
| B51 | Sigríður vildi vita af hverju það hefur ekki verið vakið hann.            |    |   |     |              |
| B52 | Elskurnar mínar, voðalega getið þið verið mikil nörd!                     |    |   |     |              |
| B53 | Kannski dreymir henni ekkert nema álfa og tröll í nótt.                   |    |   |     |              |
| B54 | Okkur finnst brauð með bönunum betra en brauð með sultu.                  |    |   |     |              |
| B55 | Mikið eru þetta fallegar útidyrhurðar.                                    |    |   |     |              |
| B56 | Sá sem þú talaðir við í veislunni vil ná af þér tali.                     |    |   |     |              |
| B57 | Þín úlpa er þykkri en mín.                                                |    |   |     |              |
| B58 | Afi hennar er sannkallað góðmenni.                                        |    |   |     |              |
| B59 | Lítið er framleitt af banönum á Íslandi.                                  |    |   |     |              |
| B60 | Hann niðurlóð þessu af einhverri útlenskri heimasíðu.                     |    |   |     |              |

## Settu X í viðeigandi dálk:

Já = Eðlileg setning. Svona get ég vel sagt.  
 ? = Vafasöm setning. Ég myndi varla segja svona.  
 Nei = Ótæk setning. Svona get ég ekki sagt.

|     |                                                                                                       | Já | ? | Nei | Athugasemdir |
|-----|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|---|-----|--------------|
| B61 | Þessi durgur er algjört illmenni.                                                                     |    |   |     |              |
| B62 | Þessi bjáni er algjört illdyrgi.                                                                      |    |   |     |              |
| B63 | Dóri er rosalega mikill nörd.                                                                         |    |   |     |              |
| B64 | Það vilja allir að ég fari í menntaskóla en ég bara vill það ekki.                                    |    |   |     |              |
| B65 | Mismæli eins og þessi geta verið dýrkeypt.                                                            |    |   |     |              |
| B66 | Þegar Jóna sefur dreymir hana stundum tíu ketti.                                                      |    |   |     |              |
| B67 | Snati er mesta góðhyndi í heimi.                                                                      |    |   |     |              |
| B68 | Hún gerði aldrei mistök, enda var hún mývetnskrar ættar.                                              |    |   |     |              |
| B69 | Útlit vefjarins hefur batnað mikið.                                                                   |    |   |     |              |
| B70 | Það var fengið sér samloku í hádeginu.                                                                |    |   |     |              |
| B71 | Í morgun fékk ég bestu samloku allra samlokna.                                                        |    |   |     |              |
| B72 | Áður en þau fóru út í búð var gert lista yfir allt sem vantaði.                                       |    |   |     |              |
| B73 | Það er ljóst að Jóni vantar betri hugmynd.                                                            |    |   |     |              |
| B74 | Sendu okkur e-mail.                                                                                   |    |   |     |              |
| B75 | Af hverju vil hún ekki byrja með þér?                                                                 |    |   |     |              |
| B76 | Ég man ekki eftir að hafa verið á hálli ís en núna.                                                   |    |   |     |              |
| B77 | Apinn þinn elskar að éta bjúgaldin.                                                                   |    |   |     |              |
| B78 | Ég er sannfærð um að þegar spurt hefur verið flesta netverja um skoðun þeirra verður reglunum breytt. |    |   |     |              |
| B79 | Skúli vinur minn vill alls ekki koma með.                                                             |    |   |     |              |
| B80 | Hættu að troða skyri í eyrað á mér!                                                                   |    |   |     |              |

## 8.2 Orðalisti

Íslensk-enskur listi yfir helstu hugtök.

| <b>Íslenska</b>      | <b>Enska</b>                 |
|----------------------|------------------------------|
| atkvæði              | syllable                     |
| áhersluliður         | foot                         |
| besti (valkostur)    | optimal (candidate)          |
| Bestunarkenning (BK) | Optimality Theory (OT)       |
| bestunartafla        | tableau                      |
| bragfræði            | prosody                      |
| hljóðkerfisorð       | prosodic word                |
| hliðvinnslu-BK       | Strongly Parellel-OT         |
| hryngæði             | eurhythmy                    |
| hrynjandi            | rhythm                       |
| málkunnáttufræði     | generative grammar           |
| mörkun               | markedness                   |
| mörkunarhömlur       | MARKEDNESS CONSTRAINTS       |
| tvíliður (hnígandi)  | trochee                      |
| umbreytingamálfræði  | transformation based grammar |
| Universal Grammar    | algildismálfræði             |
| varðveisluhömlur     | FAITHFULNESS CONSTRAINTS     |